

Fundargerð fundar foreldraráðs Akra

Fundartími: föstudagurinn 03.12.2021

Fundarstaður: Google meet

Fundarmenn: Daði Rúnar Pétursson, Hildur Edda Grétarsdóttir, Ingrid Karlsdóttir, Þóra Þorgeirsóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir (Agga, leikskólastjóri)

1. Starfsmannahald

a) Ráðningar í haust

Agga fór yfir þær ráðningar sem hafa átt sér stað síðustu daga. Búið er að ráða inn nægilega mikið starfsfólk til þess að fullmanna leikskólann fram á næsta haust. Allt eru þetta ungt fólk sem ætlar að öllum líkindum í nám í haustið 2022 og þarf því að auglýsa aftur næsta vor. Núna ætti starfsfólk að fá tíma til undirbúnings og ætti að vera hægt að undirbúa starf næsta vors með góðum hætti. Hrefna mun flytjast af Engi yfir á Mýri og vinna þar sem deildarstjóri á móti Mundu þegar hún kemur tilbaka.

Enginn hefur sótt um deildarstjórastöðuna á Engi og mun Hjördís sinna starfinu þangað til að nýr deildarstjóri er ráðinn. Ráðinn hefur verið nýr sérkennslustjóri sem hefur nú þegar hafið störf.

b) Menntunarstig starfsfólks

Rætt var um menntunarstig starfsfólks en eins og áður hefur komið fram er lág prósentastær starfsfólks menntað sem leikskólakennari. Þetta er þekkt vandamál á leikskólum á Íslandi. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi og nokkrir kennarar í öðru háskólanámi.

c) Símenntun

Það hefur ekki verið svigrúm til þess auk þess sem að mikið er um ungt fólk og starfsmenn í námi nú þegar.

d) Starfsánægjukönnun

Hefur enn ekki verið lögð fyrir á þessu skólaári.

2. Menntadagur 2021 í Garðabæ

- Þátttaka starfsmanna Akra og áhugaverðar niðurstöður

Fyrir hádegi unnu starfsmenn saman á leikskólanum og fóru síðan á fyrirlestra eftir hádegi. Allir starfsmenn skóla í Garðabæ sem hafa fengið styrk úr styrktarsjóð halda kynningu á sínum verkefnum og aðrir starfsmenn velja á hvaða fyrirlestur þau fara. Starfsmenn Akra fóru meðal annars á: Tökum skrefin saman, fyrirlestur um yngstu börnin á leikskóla, lójan göfgar vinnan gleður, Vináttuverkefni barna Blær, Nýting mannauðs til samstarfs.

3. Starfsáætlun Akra

- Athugasemdir og endurgjöf

Þar sem ekki er að fást menntaðir leikskólakennarar þá treystir Agga sér ekki til þess að setja meira faglegt starf inn í starfsáætlun ársins. Umræða kom um frjálsan leik vs faglegt starf. Agga fór yfir sína sýn á málinu en samkvæmt hennar menntun og reynslu þá læra börnin mest í gegnum frjálsan leik þar sem þau geta valið verkefni/leik við sitt hæfi og sinn þroska. Á meðan að nægilegt starfsfólk er til staðar til þess að leiða það áfram í þessum frjálsa leik þá nær það besta þroskanum.

4. Önnur mál

Farið yfir óánægju foreldra/foreldraráðs yfir viðbrögðum og svörum

Garðabæjar við starfsmannamálum

Foreldraráð mun setja inn á foreldragrúppu ítrekun um að fólk haldi börnum sínum heima í veikindum og amk 1-2 daga fram yfir. Einnig að ítreka grímunotkun fyrir foreldrum og að foreldrar komi kannski ekki inn í forstofuna séu þau sjálf veik.

Foreldraráð mun einnig sjá um að koma upplýsingum um starfslok Sigrúnar leikskólastjóra til annarra foreldra. Þar mun koma fram að Agga mun starfa sem leikskólastjóri út mars 2022 en þá verður staðan auglýst.

Fundi slitið 13:00

Næsti fundur áætlaður í byrjun febrúar 2022.